

RE: Aðkoma sveitarfélaga á Vestfjörðum að byggingu verknámshúss við MÍ

Til : Sigríður Kristjánsdóttir <sirry@vestfiridir.is>
Frá : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>
Heiti : RE: Aðkoma sveitarfélaga á Vestfjörðum að byggingu verknámshúss við MÍ
Málsnúmer : 2312002
Málsaðili : Menntamálaráðuneytið
Skráð dags : 11.01.2024 14:19:00
Höfundur : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>

Viðhengi [image002.jpg](#)[image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Blessuð Sirrý,

Telurðu ekki líka vera upplýsandi að bæjarfulltrúar fái afrit af þessum tölvupósti frá þér?

Kv. Þórdís

From: Sigríður Kristjánsdóttir

Sent: fimmtudagur, 11. janúar 2024 13:50

To: Arna Lára Jónsdóttir ; Bragi Þór Thoroddsen ; oddviti ; oddviti ; Ingibjörg Birna Erlingsdóttir ; Jón Páll Hreinnsson ; Ólafur Þór Ólafsson ; Bæjarstjóri Vesturbyggð ; Þorgeir Pálsson

Cc: Aðalsteinn Óskarsson ; heidrun@misa.is ; gufudalur ; Lilja Magnúsdóttir ; nannarnag ; Magnús Ingi Jónsson - VG ; bakkavegur13

Subject: Aðkoma sveitarfélaga á Vestfjörðum að byggingu verknámshúss við MÍ

Góðan dag,

Í byrjun desember barst FV/Vestfjarðastofu póstur frá Gylfa Jónu Arnbjarnarsyni, verkefnaráðnum sérfræðingi í mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir því að við tækjum að okkur að samræma sjónarmið sveitarfélaganna til aðkomu að byggingu verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði. Á stjórnarfundi Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti stjórn að starfsmenn Vestfjarðastofu tækju að sér að samræma sjónarmið sveitarfélaganna til aðkomu að byggingu verknámshúss með þeim skýra fyrirvara að í því samþykki fælist engin skuldbinding um aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu.

Eins og verkefnið er lagt upp af hálfu ráðuneytisins þá er það forsenda þess að af byggingu verknámshússins verði er að sveitarfélög á svæðinu taki að sér 40% af stofnkostnaði við bygginguna. Í meðfylgjandi minnisblaði um starfsnámskóla kemur fram að áætlaður byggingarkostnaður sé á bilinu 486-715 milljónir króna. Jafnframt kemur fram að gert sé ráð fyrir að það sveitarfélag sem skólinn er staðsettur í leggi til gjaldfrjálsa lóð.

Viðbyggingin hefur átt sér nokkuð langan aðdraganda en nú hefur ráðuneytið gefið grænt ljós og vill ráðherra koma eins fljótt og auðið er vestur til að undirrita samkomulag við sveitarfélögin. Það er þó auðvitað þannig að eðlilegt og sjálfsagt er að sveitarfélögin fjalli um málin og hafi sem bestar upplýsingar um málið. Þar sem um er að ræða viðamikið og dýrt verkefni er ljóst að umræða þarf að eiga sér stað innan sveitarstjórna um aðkomu að verkefninu og hvert sveitarfélag þarf að taka afstöðu til þess.

Við fyrri byggingar Menntaskólans hafa sveitarfélög á svæðinu komið að verkefninu og liggur fyrir undirritað meðfylgjandi samkomulag þá 19 af 22 sveitarfélögum á svæðinu frá 1991 um Framhaldsskóla Vestfjarða. Undirrituð hefur ekki upplýsingar eða gögn um aðkomu sveitarfélaga að byggingu verknámshússins sem byrjað var að byggja 1993 en ef marka má frétt bb um málið sem birt var 3. febrúar 1993 þá stóðu sveitarfélögin í Ísafjarðarsýslu að því verkefni. <https://timarit.is/page/7362722#page/n4/mode/2up>

Til að allir hafi sem bestar upplýsingar um málið hef ég beðið Heiðrúnu Tryggvadóttur skólameistara Menntaskólans á Ísafirði að kynna verkefnið fyrir sveitarstjórnarmönnum á fjarfundi næstkomandi miðvikudag 17. janúar kl. 13:00. Ég mun í kjölfar þessa pósts senda fundaboð til bæjar og sveitarstjóra sem ég bið þá um að framsenda til sveitarstjórna og viðeigandi nefnda ef vill.

Ég sendi meðfylgjandi þau gögn og upplýsingar sem ég hef fengið frá ráðuneytinu varðandi verkefnið sem eru drög að samningi og minnisblað um starfsnámsskóla. Að auki hef ég stillt upp excel skjali þar sem ég stilli upp hlut hvers sveitarfélags í kostnaði annars vegar miðað við að öll taki þátt og hins vegar miðað við að aðeins sveitarfélög á norðursvæði taki þátt eins og raunin var með fyrra verknámshús. Vinsamlega athugið að í samningsdrögum ráðuneytis er gert ráð fyrir þátttöku allra sveitarfélaga sem ekki er búið að samþykkja eða ganga frá og ég hef ekki lesið saman hlutföllin í þeim samningi m.v. excel skjalið mitt sem er aðeins ætlað að gefa hugmyndir um kostnað og þar er miðað við íbúafjölda sveitarfélaga 1.1.2024.

Með kveðju,

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri



Árnagata 2-4, 400 Ísafirði
Sími + 354 450 6613
GSM +354 861-4913

www.vestfiridir.is



EARTHCHECK
SILVER CERTIFIED
2020

SILFURVOTTUN 2020

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa hlotið silfur vottun frá umhverfsvottunarsamtökunum EARTHCHECK